



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
við setningu
Norræns barnaverndarþings
Reykjavík
28. ágúst 2003**

Heiðruðu ráðstefnugestir
Kæru norrænu vinir

Við höfum á undanförnum árum orðið vitni að breyttum viðhorfum til barnaverndar og samfélög okkar hafa leitast við að setja lög og reglur sem festa þessi viðhorf í sessi.

Við höfum löngum talið að norræn velferð væri til fyrirmyndar og aðrar þjóðir gætu margt af okkur lært. Vissulega eru vandamálin víða um heim átakanleg og erfiðari úrlausnar en flest það sem við þekkjum af eigin raun.

Milljónir barna heyja vonlausu baráttu við sjúkdóma sem auðvelt væri að lækna ef viljinn til hjálpar væri studdur fjármagni og skipulagðri aðstoð. Barnadauðinn er svartasti bletturinn á ásynnd heimsins og sorglegt hve litla athygli hann vekur. Það er eins og vaninn hafi gert okkur værukær og flestir eru því hættil að hrópa á hjálp sem dugir.

Barnaþrælkun, nánast þrælahald í ætt við það sem tíðkaðist á fyrri öldum, er enn við lýði í mörgum löndum og erfitt að ná samstöðu um andóf, að vekja fyrirtæki og neytendur á Vesturlöndum til vitundar um að hafna algjörlega markaðsvöru sem framleidd er með vinnu barna.

Vændi er því miður einnig örlög margra barna þar sem neyð og ótti ráða ríkjum og hinn skuggalegi klámiðnaður í Evrópu og Ameríku elur viðskiptavini sem gera barnavændi að arðbærri iðju.

Stríð og erjur, átök og ógnir – þá eru börnin jafnan fyrstu fórnarlömbin og við höfum nú á nýrri öld enn orðið vitni að hörmungum sem eru orðnar vítahringur. Sífelld deyjja fleiri börn við víglínuna eða vegna neyðar sem skapast.

Þótt flest sé þetta okkur fjarlægt þurfum við að halda vöku okkar og láta hina norrænu rödd hljóma skýrt, ekki aðeins sem málflytjanda heldur líka sem hvatningu til aðgerða sem munar um, til samstöðu á alþjóðavísu.

Kannski höfum við látið deigan síga í þessum efnunum, verið of bundin af vandamálum sem setja æ sterkari svip á norrænan veruleika; og vissulega hefur hið sterka kastljós sýnt okkur að á heimavelli er okkur víða vandi á höndum.

Sú gegnumlýsing sem kunnáttufólk, sérfræðingar og starfsmenn á vettvangi barnahjálpar hafa kappkostað á liðnum árum hefur vakið okkur til vitundar um skuggahliðar á norrænni velferð, samfélagi og fjölskyldulífi sem áður lágu í þagnargildi og við vildum ekki vita af. Svo sterk var ánægjan með norrænar umbætur á liðinni öld, svo rík tilhneigingin að telja okkur til fyrirmyndar að umræðan um djúpstæðan vanda í barnavernd átti erfitt uppdráttar. En sem betur fer átti fagfólk í brjósti sér baráttuanda og gerðist hiklaust brautryðjendur, sýndi okkur spegilmynd og knúði okkur til að horfast í augu við eigin vanda.

Hér við setningu þingsins eru samankomnir margir þeirra sem verið hafa í fararbroddi, knúið á um breytingar sem brýnar voru, barist fyrir nýjum lögum og mótað starf stofnana sem sinna vandamálum barna með nýjum hætti; sveit brautryðjanda sem fært hafa norræna barnavernd í búning sem hæfir kröfum nýrra tíma.

Við setningu norræna barnaverndarþingsins vil ég færa ykkur öllum einlægur þakkir og hvetja ykkur til að halda ótrauð áfram baráttunni.

Ég veit að þið glímið oft við hleypidóma, hefðbundin viðhorf sem torvelda för, jafnvel fjandskap sem sprottinn er af ótta við breytingarnar, ríka tilhneingingu til að fela vanda sem ekki þolir dagsins ljós.

Þá er gott að sækja kraft í árangurinn sem verk ykkar hafa skilað á umliðnum árum og innblástur í gleðina sem þúsundum barna hefur verið veitt, öryggið og hjálpina sem þau hafa fengið, trúna sem þau hafa öðlast á betra líf.

Þið hafið gefið þeim þrótt til að láta sig dreyma á ný og draumur barns um betra líf er í rauninni kraftaverk sem skapar viljann til að sækja fram, vissu um að geta öðlast betri framtíð – draumur sem gefur augum barnsins skæran neista.

Ég sá þennan neista í síðustu viku á göngu um hirðingahöfð í Tsjúkotka, austasta héraði í Rússlandi, svo fjarri Evrópu að Alaska er næsti nágrenni. Þar var verið að byggja nýjan skóla; börnin stóðu í hring og fylgdust með hverju verki. Fyrir fáeinum árum var fátæktin slík að flestir sultu mánuðum saman, eina matargjöfin var að slátra

hreindýrunum sem höfðu um aldir verið lífsbjörg hirðingjanna. Nú sáu börnin von um betri tíma og þegar við gestirnir gengum burt fylgdi okkur tíu ára strákur og vildi ræða við fylkisstjórnann hvort það yrðu tölvur í hverri skólastofu. Þegar svarið var já ljómuðu augun af skærri gleði.

Það minnti mig á ógleymanlega reynslu í Tansaníu fyrir nokkrum árum þegar við stoppuðum bílinn í litlu þorpi og börnin hópuðust að, hófu að biðja okkur ákaft um penna og pappír því ekkert slíkt ættu þau lengur til. Við tíndum upp úr töskum okkar ódýrustu býrópenna og lausblaðablokkir og það var eins og við værum að gefa þeim demanta og djásn. Þau gátu á ný látið sig dreyma um venjulegan skólalag.

Draumurinn um betra líf, von sem býr í brjóstum barna er efniviður í sigurvilja, árangur á lífsins braut.

Það er því skylda okkar að koma þeim til hjálpar og umræðan um barnavernd hefur verið jarðvegur umbóta á mörgum sviðum. Víða er þó enn verk að vinna og dagskrá þingsins sem við hefjum nú sýnir í hnotskurn hve fjölþætt framlag ykkar getur orðið á næstu árum.

Um leið og ég þakka ykkur fyrir árangursríkan baráttuvilja á liðinni tíð hvet ég ykkur til að halda ótrauð áfram að vekja okkur til vitundar um vandamálin sem blasa við í barnavernd.

Við höfum mikið verk að vinna til að gefa öllum börnum von um að draumar þeirra geti ræst.

Með þeim orðum býð ég ykkur hjartanlega velkomin og segi Norræna barnaverndarþingið 2003 hér með sett.